

DÓMARAFÉLAG ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 123/1075
komudagur 23. 2. '99

Efni:

Umsögn um frumvarp til breytinga
á lögum nr. 19/1991 um meðferð
opinberra mála.

Dómarafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp um breyting á lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum.

Stjórn Dómarafélags Íslands styður það meginmarkmið 14. gr. frumvarpsins að bæta réttarstöðu brotaþola. Er þar um tímabærar breytingar að ræða og ekki þörf á að gera sérstakar athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins, er að þessu líta. Þá tekur stjórnin undir þær breytingar, sem ráðgerðar eru í 17. gr., 37. gr. og 38. gr. frumvarpsins.

Í athugasemdum, sem fylgja frumvarpinu, kemur fram, að heildarendurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála standi fyrir dyrum. Þrátt fyrir að nokkur tími kunni að líða þar til þeirri endurskoðun lýkur, en þess er að vænta að hún fari fram í samráði við þá sem um þennan málaflokk fjalla frá degi til dags, verður ekki séð, að þörf sé á því að ráðast nú í aðrar þær breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og að þær þoli ekki bið. Er lögð þung áhersla á þetta sjónarmið af hálfu stjórnar Dómarafélags Íslands.

Að því er einstök ákvæði frumvarpsins varðar vill stjórnin þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Um 2. gr. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því, að áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent öðrum en aðilum máls og brotaþola, skuli afmáð úr þeim atriði sem eðlilegt er að leynt fari m.t.t. almanna- eða einkahagsmuna. Nauðsynlegt er, að ákvæði þetta verði útfært nánar í lagatextanum, en eins og hann er nú úr garði gerður, er um afar opið ákvæði að ræða, sem erfitt yrði í framkvæmd. Það er því álit stjórnarinnar, að lagabreyting þessi þurfi frekari skoðunar við.


Um 16. gr. in fine og 23. gr. Það er meginregla í réttarfari, að sönnunarfærsla fyrir dómi skuli að jafnaði vera milliliðalaus. Þetta þýðir, að ætlast er til þess, að dómari, sem dæmir mál að efni til, taki sjálfur skýrslur af ákærða og vitnum. Rökin


fyrir þessari reglu eru fyrst og fremst þau, að með þessu móti geta dómendur metið trúverðugleika framburðar ákærða og vitna, er auðveldar þeim að leggja mat á sönnunargildi þeirra skýrslna, sem gefnar eru fyrir dómi. Í niðurlagsákvæði 16. gr. og 23. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir undantekningu frá þessari meginreglu. Að mati stjórnarinnar verður ekki séð, að næg rök séu til að víkja frá ofangreindri grunnreglu með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Um 45. gr. Í athugasemdum við þessa grein frumvarpsins er sérstaklega tekið fram, að við fyrirhugaða endurskoðun laganna sé nauðsynlegt að huga nánar að ákvæðum laganna um endurupptöku dæmdra mála, en þau er að finna í XXII. kafla laganna. Stjórn Dómarafélags Íslands tekur undir þessa athugasemd og fær ekki séð, að sérstök þörf sé á að ráðast í breytingar á endurupptökuákvæðum laganna, fyrir en ráðgerð heildarendurskoðun þeirra hefur farið fram. Er hér um svo veigamikla lagabreytingu að ræða að nauðsynlegt er, að gerð verði sérfræðileg úttekt á þessu álitaefni, til þess að unnt sé að leggja mat á, hvort þörf er breytinga og ef svo er, hverjar þær eiga að vera. Verður ekki séð að sú úttekt liggi fyrir. Það er því álit stjórnar Dómarafélags Íslands, að ekki sé rétt að gera að svo stöddu breytingar á umræddum kafla laga um meðferð opinberra mála.

Reykjavík, 23. febrúar 1999,

f.h. stjórnar Dómarafélags Íslands,


Helgi I. Jónsson


Þorgeir Ingi Njálsson

Alþingi,

b.t. allsherjarnefndar,

150 Reykjavík